

Hreppsnefnd Húnavatnshrepps  
51. fundur.

**Miðvikudaginn 28. maí 2008 kom hreppsnefnd Húnavatnshrepps saman til fundar að Húnavöllum. kl. 10.30. Björn Magnússon setti fundinn og stjórnaði honum. Jens P. Jensen ritaði fundargerð. Mæting á fundinn að öðru leiti samkvæmt undirskriftum.**

**Dagskrá:**

1. Fulltrúar Emax mæta til fundar.
2. Fulltrúar Fjarska mæta til fundar.
3. Skýrsla sveitarstjóra.
4. Kosning oddvita og varaoddvita til eins árs.
5. Fundargerðir:
  - a) Verkfundar vegna nýbyggingar leikskóla dags. 6. maí 2008.
  - b) Fjallskiladeildar Auðkúluheiðar dags. 2. maí 2008.
  - c) Stjórnar SSNV dags. 13. apríl 2008.
6. Bréf:
  - a) Frá Umhverfissráðuneyti dags. 9. maí 2008.
  - b) Frá Sýslumanninum á Blönduósi dags. 9. maí 2008.
  - c) Frá Póst og fjarskiptastofnun dags. 8. maí 2008.
  - d) Frá Sýslumanninum á Blönduósi dags. 6. maí 2008.
  - e) Frá Sýslumanninum á Blönduósi dags. 7. maí 2008.
  - f) Frá SSNV atvinnuþróun dags. 5. maí 2008.
  - g) Frá SSNV dags. 19. maí 2008.
  - h) Frá Huldu M. Birkisdóttur dags 8. maí 2008.
  - i) Frá Búnaðarfélagi Torfalækjarhrepps dags. 16 apríl 2008.
7. Önnur mál

Oddviti bauð fundarmenn velkomna og setti fund kl. 10.35

Samþykkt var að taka fundargerð samgöngu- og fjarskiptanefndar frá 27. maí 2008 á dagskrá fundarins undir dagskrárlið 1.

**1. Fulltrúar Emax mæta til fundar.**

Þeir Magnús Þór Sandholt og Daníel Gunnarsson fulltrúar eMax mættu til fundar og einnig Ægir Sigurgeirsson formaður samgöngu- og fjarskiptanefndar Húnavatnshr. Magnús Þór framkvæmdastjóri eMax frá 1. mars s.l. rakti eigendaskipti fyrirtækisins og sagði að núverandi eigendur væru í raun þriðju eigendur á fyrirtækinu frá undirritun samnings við Húnavatnshrepp. Fyrirtækið er nú í eigu Edvins Benedkitssonar og Daníels Gunnarssonar. Kvörtunum af þessu svæði vegna nettenginga hefur fækkað mjög frá 1. mars s.l. þeir hafa ekki aðgang að gögnum fyrir þann tíma. Þeir eru staðráðnir í að halda uppi sem bestri þjónustu við notendur kerfisins og í framhaldinu bjóða jafnvel uppá fleiri lausnir í fjarskiptum. Daníel sagði að uppitími í kerfinu væri góður og taldi að hlutir væru í góðu lagi hér.

Ægir Sigurgeirsson kynnti fundargerð samgöngu og fjarskiptanefndar frá 27. maí, en þar kemur fram að nefndin telur gæði nettenginga í sveitarfélaginu algerlega óviðunandi og tíð eigendaskipti valdi mikilli óvissu um rekstur kerfisins. Ægir lýsti því að óánægja væri hjá mörgum notendum vegna lítils hraða í kerfinu og lélegs uppitíma.

Rætt var um upphaflegan samning og að hann hafi ekki verið uppfylltur að öllu leyti. Hreppsnefnd óskar eftir að fá lista frá eigendum um þær endurbætur sem gerðar hafa verið á kerfinu frá því að úttektir fóru fram á því. Magnús og Daníel yfirgáfu fundinn.

# Hreppsnefnd Húnavatnshrepps

## 51. fundur.

### 2. Fulltrúar Fjarska mæta til fundar.

Benedikt Haraldsson og Guðmundur Danielsson fulltrúar Fjarska mættu til fundar. Rætt var um bókun samgöngu- og fjarskiptanefndar varðandi upplýsingar til nefndarinnar um lagningu ljósleiðara. Fram kom að málið er á algjöru byrjunarstigi og er þetta fyrsti fundur hreppsnefndar með fulltrúum Fjarska um málið, en fyrirtækið hefur sótt um framkvæmdaleyfi fyrir lagningu ljósleiðara í sveitarfélaginu. Fjarski ehf er fyrirtæki í eigu Landsvirkunar. Guðmundur rakti nokkuð þjónustuframboð fyrirtækisins. Ljósleiðarinn er fyrst og fremst lagður til að auka öryggi í rekstri flutningskerfa raforku, en einnig er möguleiki á að nýta umframgetu ljósleiðarans fyrir aðra fjarskiptaþjónustu svo sem internet, farsíma og símaþjónustu. Kynnt var verkáætlun Fjarska á lagningu ljósleiðara. Áætlað er að Blönduvirkjun verði hringtengd á árinu 2010. Stjórn framkvæmda við lagningu ljósleiðara er í höndum Benedikts, búið er að semja við verktaka á Sauðarkróki um framkvæmdir. Farið var yfir lagnaleiðir ljósleiðara í Húnavatnshreppi. Benedikt lagði áherslu á að þeir vildu fá sem fyrst hugmyndir um breytingar á lagnaleiðum. Samþykkt var að fela samgöngu- og fjarskiptanefnd að fara yfir og gera tillögur um lagnaleiðir ljósleiðara í hreppnum og hvar æskilegt væri að gera slaufur á hann vegna mögulegrar framtíðarnotkunar. Þegar endanleg tillaga um lagnaleiðir liggur fyrir mun sveitarstjórn taka til afgreiðslu fyrirbyggjandi beiðni um framkvæmdaleyfi.

### 3. Skýrsla sveitarstjóra.

Kynnt erindi Stíganda ehf varðandi frestun verkloka vegna leikskóla um einn mánuð. Í trausti þess að þessi áætlun standist samþykkir hreppsnefnd frestunina. Kynnt áætlun Jöfnunarsjóðs um framlög 2008 og samanburð við fjárhagsáætlun Húnavatnshrepps. Lagt fram tilboð frá Húsherja ehf í viðhald á þaki íþróttahúss. Hreppsnefnd samþykkti að ganga til samninga við Húsherja ehf á grundvelli tilboðsins. Kynntur samstarfssamningur við Blöndustöð um sumarvinnu unglunga. Áætlaður kostnaður vegna samningsins er um tvær milljónir kr. Hreppsnefnd samþykkir samstarfssamninginn og vísar kostnaði vegna hans til endurskoðunar á fjárhagsáætlun lið 0627 æskulýðsmál/vinnuskóli. Hreppsnefnd samþykkir þau tækjakaup sem nauðsynleg eru vegna unglingavinnu. Samþykkt var að endurnýja og kaupa dýnur í Áfanga

Hallfríður Ósk Óladóttir hefur sagt upp starfi sínu sem skólaliði í Húnavallaskóla frá og með 1. maí 2008.

Kynnt var lausnarbeiðni á kennarastarfi frá Helgu Búadóttur.

Samþykkt var að fyrirkomulag ráðninga í eldhúsi verði óbreytt til eins árs.

### 4. Kosning oddvita og varaoddvita til eins árs.

Kjör oddvita til eins árs: Björn Magnússon var kjörinn oddviti til eins árs með fimm atkvæðum, tveir seðlar voru auðir.

Kjör varaoddvita til eins árs: Jón Gíslason var kjörinn varaoddviti til eins árs með fimm atkvæðum, tveir seðlar voru auðir.

Hreppsnefnd Húnavatnshrepps  
51. fundur.

**5. Fundargerðir:**

**a) Verkfundar vegna nýbyggingar leikskóla dags. 6. maí 2008.**

Til kynningar.

**b) Fjallskiladeildar Auðkúluheiðar dags. 2. maí 2008.**

Til kynningar.

**c) Stjórnar SSNV dags. 13. apríl 2008.**

Til kynningar.

**6. Bréf:**

**a) Frá Umhverfisiráðuneyti dags. 9. maí 2008.**

Efni: Úrskurður ráðuneytisins vegna stjórnarsýslukæru Leiðar ehf dags. 28. sept 2007, vegna ákvörðunar Skipulagsstofnunar um að fallast ekki á tillögu Leiðar ehf, að matsáætlun vegs við Svínavatn.

Fram kemur í bréfinu að Umhverfisiráðuneyti staðfestir ákvörðun Skipulagsstofnunar. Lagt fram til kynningar.

**b) Frá Sýslumanninum á Blönduósi dags. 9. maí 2008.**

Efni: Tilkynning um þinglýsingu á yfirlýsingu frá Óbyggðanefnd um meðferð þjóðlendumála.  
Lagt fram til kynningar

**c) Frá Póst og fjarskiptastofnun dags. 8. maí 2008.**

Efni: Svar við erindi Húnavatnshrepps dags. 8. febr. 2008, varðandi fjarskiptaþjónustu eMax í sveitarfélaginu.  
Lagt fram kynningar.

**d) Frá Sýslumanninum á Blönduósi dags. 6. maí 2008.**

Efni: Leitað er umsagnar vegna endurnýjunar á leyfi til sölu veitinga og gistingar í veiðihúsinu Hólahvarfi í Langadal.  
Sótt er um rekstrarleyfi tímabilið 1. júní til 30. september árin 2008 til 2011.  
Hreppsnefnd staðfestir að afgreiðslutími og staðsetning staðar er innan þeirra marka sem reglur og skipulag Húnavatnshrepps segja til um.

**e) Frá Sýslumanninum á Blönduósi dags. 7. maí 2008.**

Efni: Leitað er umsagnar vegna endurnýjunar á leyfi til sölu veitinga og gistingar í Húnaveri.  
Hreppsnefnd staðfestir að afgreiðslutími og staðsetning staðar er innan þeirra marka sem reglur og skipulag Húnavatnshrepps segja til um.

**f) Frá SSNV atvinnuþróun dags. 5. maí 2008.**

Efni: Hugmynd um Húnavetnska daga á suðvesturhorninu í febr. 2009.  
Hreppsnefnd tekur jákvætt í erindið.

**g) Frá SSNV dags. 19. maí 2008.**

Efni: Ársþing SSNV 2008.  
Lagt fram til kynningar.

Hreppsnefnd Húnavatnshrepps  
51. fundur.

**h) Frá Huldu M. Birkisdóttur dags 8. maí 2008.**

Efni: Umsókn um styrk til tónlistarnáms.  
Sveitarstjóra falið að kanna efni erindisins.

**i) Frá Búnaðarfélagi Torfalækjarhrepps dags. 16 apríl 2008.**  
( frestað frá síðasta fundi hreppsnefndar)

Efni: Styrkbeiðni til tækjakaupa.  
Hreppsnefnd hafnar erindinu.  
Hreppsnefnd samþykkti að skipa þriggja manna nefnd til að fara yfir þessi mál.  
Nefndina skipa Jón Gíslason, Ólöf Birna Björnsdóttir og Gróa Lárusdóttir.

**7. Önnur mál**

Oddviti kynnti fund iðjunefndar dags. 27. maí og hugmyndir um ráðningu starfsmanns til að vinna að uppbyggingu atvinnulífs í A-Hún.

Samþykkt var að næsti fundur hreppsnefndar verði miðvikudaginn 11. júní 2008.

Fleira ekki rætt, fundi slitið kl. 15.30

---

Björn Magnússon

---

Tryggvi Jónsson

---

Jón Gíslason

---

Birgir Ingþórsson

---

Jóhanna E Pálmadóttir

---

Ólöf Birna Björnsdóttir

---

Gróa M Lárusdóttir

---

Jens P. Jensen